

Ed.

189. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1943, um dýrtiðarráðstafanir.

Frá Kristni Andréssyni.

1. Framan við frvgr. komi ný grein, sem verður 1. gr. (frvgr. 2. gr.), svo hljóðandi:
Síðasti másl. 3. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:
Þó getur ríkisstjórnin ákveðið lægra verð á einstökum vörutegundum gegn framlagi úr ríkissjóði, en leita skal hún heimildar Alþingis til fjárframlaga í því skyni.
2. Aftan við frumvarpsgreinina bætist:
Meðan verð landbúnaðarafurða er ákveðið samkvæmt fyrirmælum laga þessara, skal nefndin starfa áfram og reikna út breytingar á verðinu fyrir 15. ágúst ár hvert samkvæmt því, sem vinnutekjur þær, sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun afurðaverðsins, og rekstrarkostnaður landbúnaðarins að öðru leyti hefur breytt á liðnu ári. Ef ágreiningur verður um þennan útreikning, gildir álit meiri hlutans. Verði nefndin á einu máli um breytingar á þeim grundvelli, sem nú gildir, vegna nýrra upplýsinga, þá skal tekið tillit til þess, næst þegar verðið er ákveðið.